

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2011

2011/EES/43/07

frá 20. maí 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/861/EB frá 28. júlí 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „járnbrautarvagnar — vöruflutningavagnar“ í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/920/EB) í XIII viðauka við samninginn:

„37l. **32006 D 0861**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/861/EB frá 28. júlí 2006 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „járnbrautarvagnar — vöruflutningavagnar“ í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu (Stjtið. ESB L 344, 8.12.2006, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/861/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. maí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 344, 8.12.2006, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.